

## 95. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 10. desember 2003 kl. 18:00.

Mætt voru Sigrún Jónsdóttir, Elísabet L. Björgvinsdóttir, Óli Jón Gunnarsson, Sævar Harðarson og Margrét Ásgeirsdóttir.

Dagskrá: Fjárhagsáætlun.  
Önnur mál.

1. Fjárhagsáætlun.  
Sigrún lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2004.  
Umræður urðu um fjárhagsáætlun og einstaka liði. Rætt var um möguleika á að spara og lækka útgjöld. Rætt var einnig um hækkanir á skólagjöldum.
2. Sigrún ræddi um aðstöðu fyrir hljómsveitir og hvernig ætti að dekka kostnað vegna þessa ef áframhald ætti að vera á þessu.  
Sigrún ræddi um hljóðkerfi og þá vinnu við að setja það upp fyrir hina ýmsu aðila og hvernig form ætti að vera á þessu í framtíðinni. Rætt um að vinna gjaldskrá og verklagsreglur vegna hljóðkerfanna.

Óli Jón vék af fundi kl. 18:45.

Fundi slitið kl. 19:30.

Sævar Harðarson (sign.),  
Sigrún Jónsdóttir (sign.),  
Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),  
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).